

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

Samskipti og greining



Fjármál HM 2018

Maí 2018

Það er eins gott að þetta verði gaman!

Rússar og Alþjóða knattspyrnusambandið FIFA bjóða til stærstu veislu í heimi í sumar og okkur Íslendingum er boðið. Herlegheitin kosta þó sitt.

Í stuttu máli má segja að Rússar borgi og FIFA græði. Það er auðvitað ákveðin einföldun en þegar litið er á fjármálahlið heimsmeistaramóta er afar erfitt að finna efnahagslegan ávinning gestgjafanna umfram útgjöldin, sem eru langt yfir fjárlögum íslenska ríkisins.

Hitt og þetta má finna í þessu skýrslukorni okkar. Meðal annars:

- Um 95% tekna FIFA 2014–2018 verða vegna HM.
- Þrátt fyrir að eiga vera rekið án hagnaðarsjónarmiða hefur FIFA safnað um 166 milljarða króna varasjóði.
- Verði HM 2026 haldið í Bandaríkjunum, Kanada og Mexíkó er reiknað með að hagnaður FIFA af mótinu verði á við samanlagðan hagnað af HM 2006, 2010, 2014 og 2018.

- Lögfræðikostnaður FIFA vegna rannsókna á spillingarmálum hefur numið um 8 milljörðum króna
- Sé leiðrétt fyrir falli rúblunnar er kostnaður vegna leikvanga mótsins kominn 150% fram úr áætlunum.
- Rússar hyggjast leggja um 20 milljarða króna í að halda leikvöngum opnum og í reglulegri notkun að loknu mót þar sem þeir eru allt of stórir fyrir rússneskan fótbolta og liðin sem eiga að taka við þeim.

Það er því eins gott að þetta verði gaman. Góða skemmtun!



Björn Berg Gunnarsson
Fræðslustjóri Íslandsbanka

RUSSIA 2018



Heimsbyggðin fylgist með Rússlandi í sumar

21. heimsmeistaramótið í knattspyrnu verður með þeim umfangsmestu sem sést hafa

Ísland tekur í ár þátt í heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í fyrsta sinn. Rússar halda mótið og höfðu betur þegar kom að valinu en Englendingar, sem vorðu 3 milljörðum króna í umsóknina, en einnig sóttu Belgar og Hollendingar um að halda mótið í sameiningu, sem og Spánverjar og Portúgalar.

Gríðarlegum fjármunum hefur verið varið í mótið, sem stefnir í að verði það næst dýrasta til þessa.

Þó 32 þjóðir taki þátt að þessu sinni hafa tvær þeirra söguna með sér. Brasilíumenn (5) og Þjóðverjar (4) hafa sigrað 9 af 20 mótum til þessa, 8 sinnum hafa leikmenn landanna fengið gullskóinn og 8 sinnum verið valdir bestu leikmenn mótsins.

Verja Þjóðverjar titilinn og jafna þar með árangur Brasilíumanna?

3
Úrslitaleikir sem
Cafú lék á HM

5
Mót sem **Lothar Matthäus** og **Antonio Carbajal** léku á

8
Fjöldi skipta sem Skotar hafa dottið út í riðlakeppni

42
Elsti markaskorarinn **Roger Milla**

17
Yngsti markaskorarinn **Pele**

1
Skipti sem gestgjafar hafa ekki komist upp úr riðlinum Suður Afrika 2010

8
Þjóðir sem unnið hafa mótið

1 ma.
Áhorfendur á útsendingu frá úrslitaleiknum 2014

78
Þjóðir sem leikið hafa á HM



5
Markakóngar frá Brasilíu

7
Brasilíumenn sem hafa verið valdir bestu leikmenn HM



16
Markametið **Miroslav Klose**

10
Markahæstur leikmanni sem eru á leið á HM 2018 **Thomas Müller**

Mynd 1. Verðlaun á HM 1930 – 2014

	Meistarar	Besti leikmaðurinn	Markahæstur
Brasilía 2014		 Lionel Messi	 James Rodriguez
Suður-Afríka 2010		 Diego Forlan	 Thomas Muller
Þýskaland 2006		 Zinedine Zidane	 Miroslav Klose
Japan 2002		 Oliver Kahn	 Ronaldo
Frakkland 1998		 Ronaldo	 Davor Suker
Bandaríkin 1994		 Romario	 Stoichkov, Salenko
Ítalía 1990		 Salvatore Schillaci	 Salvatore Schillaci
Mexíkó 1986		 Diego Maradona	 Gary Lineker
Spánn 1982		 Paolo Rossi	 Paolo Rossi
Argentína 1978		 Mario Kempes	 Mario Kempes
Þýskaland 1974		 Johan Cruyff	 Grzegorz Lato
Mexíkó 1970		 Pele	 Gerd Muller
England 1966		 Bobby Charlton	 Eusebio
Síle 1962		 Garrincha	6 leikmenn
Svíþjóð 1958		 Didi	 Just Fontaine
Sviss 1954		 Ferenc Puskas	 Sandor Kocsis
Brasilía 1950		 Zizinho	 Ademir
Frakkland 1938		 Leonidas	 Leonidas
Ítalía 1934		 Giuseppe Meazza	 Oldrich Nejedly
Úrúgvæ 1930		 Jose Nasazzi	 Guillermo Stabile

FIFA fær tekjurnar og Rússar borga

Hagnaður alþjóða knattspyrnusambandsins FIFA er gríðarlegur


Heimsmeistaramót hafa stækkað umtalsvert undanfarna áratugi. Tekjurnar hafa margfaldast en kostnaðurinn sömuleiðis. Þetta hefur gert það að verkum að FIFA hagnast gríðarlega á mótunum, enda rekstrarfyrirkomulag mótanna á þá leið að sambandið fær nær allar beinar tekjur en greiðir einungis lítinn hluta kostnaðarins.

Spurnin eftir að hýsa heimsmeistaramót er talsverð og þar sem keppst er um hylli FIFA er samningsstaða sambandsins eðlilega afar góð. Þetta hefur gert að verkum að FIFA getur krafist skattleysis í viðkomandi landi og alls réttar til markaðssetningar og miðasölu.

Gestgjafarnir þurfa að treysta á ófyrirséðar tekjur af aukinni ferðamennsku, áhrif innviðafjárfestingar og fleira.

Mynd 2. Hagnaður FIFA af HM

Milljarðar íslenskra króna, á verðlagi hvers tíma og verðlagi 2018



Þó reikningar FIFA séu tiltölulega opnir er erfitt að áætla útgjöld Rússa vegna heimsmeistaramótsins, enda er túlkunaratriði hvað telst beinn kostnaður vegna mótsins og hvað ekki.

Rússnesk yfirvöld hafa gefið út að heildarútgjöld vegna mótsins muni nema um 1.200 milljörðum króna. Ríkissjóður Rússlands leggur til tæp 60%, sveitarfélög og héruð um 14% og einka- og ríkisrekin fyrirtæki afganginn.

Áætlað er að leikvangarnir kosti um 540 milljarða og aðrir 500 milljarðar eða svo fari í lestar-, bíla- og flugsamgöngur. Töluvert misræmi er í hvort sagt sé að fjárfestingar í samgönguinnviðum sé hluti kostnaðar við hýsingu mótsins eða ekki og hafa embættismenn, rétt eins og í öðrum löndum sem hýst hafa stórmót, ítrekað haldið því fram að fjárfesting í innviðum sé ekki kostnaður, heldur arðbærar fjárfestingar.

Þetta er ekki óeðlileg umræða. Ef til vill er ósanngjarnt að flokka saman kostnað vegna öryggisgæslu og æfingasvæða mótsins annars vegar og hins vegar að hringvegurinn í kringum Yekaterinburg hafi verið kláraður.

Fjárfestingar í innviðum, svo sem samgöngum, geta vissulega verið arðbærar en hvort líta eigi á þær sem kostnað vegna Heimsmeistaramótsins fer að hluta eftir því hvort við trúum því að án HM hefði samt sem áður verið ráðist í þær.

Þarf stórmót í íþróttum til að sannfæra stjórnámáleggum um að ráðast í skynsamlegar og arðbærar innviðafjárfestingar? Ef þær eru svona arðbærar, hvers vegna var ekki löngu búið að ráðast í þær?

Strangar kröfur varðandi leikvanga


Stór hluti kostnaðar við heimsmeistaramót eru leikvangarnir

Þær kröfur sem FIFA gerir varðandi leikvanga mótsins taka ekki tillit til aðstæðna í viðkomandi landi. Nú þarf að lágmarki 12 leikvanga en reiknað er með að þeir verði 16 árið 2026..

Afar ströng skilyrði hafa meðal annars valdið því að nýppgjerðir leikvangar þóttu ekki nógu góðir og ráðast hefur þurft í kostnaðarsamar breytingar.

Dæmi um slíkt er Central leikvangurinn í Yekaterinburg í Rússlandi, sem lagfærður var fyrir um 9 milljarða króna árið 2011. Til að hinn nýi og glæsilegi völlur teldist gjaldgengur í HM 2018 þurfti hins vegar að leggja til aðra 22 milljarða króna. Fjölga þurfti sætum þrátt fyrir að völlurinn væri að jafnaði hálf tómur og verður þeim aftur fækkað að loknu móti. Allt fyrir fjóra leiki.

Mynd 3. Framkvæmdir við leikvanga vegna heimsmeistaramóta 1990–2022





Leikvangarnir eru allt of stórir

Kröfur FIFA um lágmarks sætafjölda eru ekki í neinu samræmi við þörfina

FIFA gerir nú kröfu um að lágmarki 35.000 sæti á þeim völlum sem leikið er á. Þetta er langt umfram þá þörf sem er til staðar í rússneskri knattspyrnu, en á yfirstandandi tímabili hafa um 13.000 áhorfendur sótt leiki í efstu deild.


Engin félagslið leika á Luzhniki leikvanginum í Moskvu og Fisht í Sochi. Þá er leikið í Kazan, Samara, Saransk og Volgograd í næst efstu og þriðju efstu deild.

Áætlað er að fækka sætum í Yekaterinburg (úr 35.696 í 23.000), Saransk (úr 44.442 í 25.000) og Kaliningrad (úr 35.212 í 25.000) að móti loknu.


Til að vinna gegn neikvæðum áhrifum allt of stórra leikvanga munu yfirvöld leggja um 20 milljarða króna í áframhaldandi rekstur þeirra og til að forðast þá niðurniðslu átt hefur sér stað í Brasilíu í kjölfar HM 2014 og víða annars staðar.

Mynd 4. Áhorfendafjöldi 2017-18 hjá þeim félögum sem taka við völlum, sem hlutfall sætafjölda að loknu HM

Tekið er tillit til minnkunar Central, Mordovia og Kaliningrad leikvanganna. Áhorfendafjöldi hjá FC Mordovia er frá fyrra tímabili



Mynd 5. Leikvangar heimsmeistaramótsins og félagsliðin sem taka við þeim



* 2016-2017

Heimildir: FIFA, The Guardian, Transfermarkt, AFP

Mynd 6. Leikvangar heimsmeistaramótsins í Rússlandi

Rauðu svæðin tákna meðaltals áhorfendafjölda á deildarleikjum félagsliða sem taka við leikvöngunum sem hlutfall af sætafjölda að loknu mótí



Luzhniki Stadion
80.000 sæti
Moskva
Ekkert félagslið



St.-Petersburg Stadion
64.287 sæti
St. Pétursborg
Zenit



Fisht Stadion
47.659 sæti
Sochi
Ekkert félagslið



Volgograd Stadion
45.568 sæti
Volgograd
Rotor Volgograd



Kazan Arena
45.379 sæti
Kazan
Rubin Kazan



Spartak Stadion
45.360 sæti
Moskva
Spartak Moskva

Mynd 7. Leikvangar heimsmeistaramótsins í Rússlandi

Rauðu svæðin tákna meðaltals áhorfendafjölda á deildarleikjum félagsliða sem taka við leikvöngunum sem hlutfall af sætafjölda að loknu mótí



Rostov Arena
45.145 sæti
Rostov
FC Rostov




Nizhny Novogorod Stadion
44.899 sæti
Nizhny Novogorod
Olimpiyets Nizhny Novogorod



Cosmos Arena
44.807 sæti
Samara
Kruglia Sovetov Samara



Mordovia Arena
44.442 sæti*
Saransk
Mordovia Saransk



Central Stadion
35.696 sæti*
Yekaterinburg
FC Ural



Kaliningrad Stadion
35.212 sæti*
Kaliningrad
Baltika Kaliningrad

* Að loknu mótí verður sætum fækkað í 25.000 í Saransk og Kaliningrad og 23.000 í Yekaterinburg

Hvítir fílar bættust við fínu Brasilíu


Það er ekkert nýtt að reistir séu of stórir leikvangar fyrir heimsmeistaramót

Mikið var rætt um leikvangana 12 í Brasilíu árið 2014. Eðlilega þótti ólíklegt að Nacional, félagsliðið sem taka átti við Amazon leikvanginum, hefði nokkuð að gera við aðstöðu fyrir 44.000 áhorfendur þegar um 400 sóttu heimaleiki þeirra. Svo fór að fjárfestingarnar urðu að meiriháttar byrði á sveitarfélögum og félagsliðum. Stærstu leikvangarnir, í Río og höfuðborginni Brasilíu, eru smátt og smátt að grotna niður.


Hinn sögufrægi Maracana leikvangur lá til dæmis lengi undir skemmdum. Um 7.000 sæti hafa horfið og blá mynd var tekin upp í stúkunni um miðjan dag, án þess að nokkur tæki eftir. Félagslið hafa kosið að leika á smærri völlum og eftir standa mannvirki á borð við Pantanal leikvanginn í Cuiabá sem kostaði yfir 20 milljarða króna en hefur hvað helst verið nýttur af hústökufólki að undanfögnu.

Mynd 8. Áhorfendafjöldi 2016–2017 sem hlutfall sætafjöldi að loknu HM

Litið er til deildarleikja þeirra félaga sem nýta vellina að staðaldri



Mynd 9. Leikvangar HM 2014 og félagsliðin sem nú leika á þeim reglulega



Sorgarsaga þjóðarleikvangsins

Þjóðarleikvangur Mane Garrincha í Brasilíuborg er gott dæmi um óparfa framkvæmdir

Hann kostaði sitt, þjóðarleikvangurinn glæsilegi í Brasilíuborg. Heildarkostnaðurinn er áætlaður allt að 90 milljarðar króna sem gerir hann að einum dýrasta leikvangi heims. Vandamálið er að það er ekkert öflugt félagslið í borginni og þó svo sjálfsagt þætti að keppt væri á HM 2014 í sjálfri höfuðborginni er ljóst að engin þörf var fyrir leikvang að slíkri stærð.

Fasteignayfirvöld á svæðinu hafa sagt leikvanginn mistök og að ekki megi vænta að hann skili borginni nema um 12% framkvæmdakostnaðar næstu öldina. Auk þess hefur ríkisendurskoðun Brasilíu gert alvarlegar athugasemdir við framkvæmdina. Nú hefur leikvangurinn verið leigður til alþjóðlegs fyrirtækis sem freistar þess að nýta hann undir ýmislegt annað en fótbolta næstu árin.

200%

Áætluð framúrkeyrsla við byggingu vallarins

2,8 ma. kr.

Áætlaður kostnaður vegna sóunar á stáli

3/4

Hlutfall íbúa Brasilíu árið 2014 sem taldi spillingu tengda framkvæmdum á HM

„Þetta er fíll. En hann er litríkur, ekki hvítur.“

30 ma. kr.

Áætlaður ofgreiddur kostnaður vegna okurs skv. ríkisendurskoðun Brasilíu

230 m. kr.

Áætlaður kostnaður við að oft hafi verið greitt fyrir sama hlutinn

135 m. kr.

Árlega greitt fyrir leigu vallarins auk alls kostnaðar við viðhald

- Jaime Recena, yfirmaður ferðamála í Brasilíuborg



Framúrkeyrsla að venju

Sé leiðrétt fyrir falli rúblunnar eru leikvangarnir komnir 150% fram úr áætlunum


Það er löngu þekkt að við framkvæmdir vegna stórmóta í íþróttum er hreint ómögulegt að fjárhagsáætlun standist. Í Brasilíu 2014 var framúrkeyrslan áætluð um 200% og í hálfra öld hefur aldrei tekist að halda Sumar- eða Vetrarólympíuleikum innan heimilda. Framúrkeyrslan þessi 50 árin hefur verið um 150% að meðaltali.

HM í Rússlandi 2018 virðist ekki ætla að vera nein undantekning, raunar akkúrat í meðaltalinu.


Snemma varð ljóst að áætlanir reyndust full bjartsýnar. Hönnun Central vallarins í Yekaterinburg var breytt vegna pressu frá heimamönnum og ríkið þurfti að leggja aukið fé til mótsins.

Frá því tilkynnt var að Rússland héldi HM hefur rúblan fallið um helming gagnvart helstu myntum. Sé fjárhagsáætlunin leiðrétt fyrir því sést hreint ótrúleg framúrkeyrsla allra leikvanga mótsins.

Mynd 10. Framúrkeyrsla framkvæmda miðað við áætlun 2010 í rúblum



Mynd 11. Áhorfendur á hverjum mótsleik, að meðaltali



HM og Rússland

Hvers vegna vilja þjóðir enn halda stórmót í íþróttum?

Það má segja að fjármálahlið stórmóta sé nú fyrst að vekja athygli almennings. Í gegnum tíðina hafa hneykslismál endrum og sinnum ratað í fjölmiðla, svo sem varðandi milljarða framúrkeyrslur eða vannýtt mannvirki en samhliða spillingarmálum FIFA og mótmælum í tengslum við Ólympíuleikana í Río hafa fjármálin loks komist í kastljósið.

Loforð um að áætlanir standist, fjárfestingarnar borgi sig og ferðamenn eyði miklu meðan á móti stendur eru hætt að skila árangri. Í aðdraganda Ólympíuleikanna í Montréal 1976 sagði borgarstjórinn að það væri líklegra að karlmaður eignaðist barn en að leikarnir færu fram úr fjárhagsáætlun. Svo fór að þrátt fyrir að mótið væri skemmtilegt fyrir íbúa borgarinnar kostaði það fjórfalda þá upphæð sem kynnt var í upphafi.

En nú er öldin önnur og ástæða þess að Los Angeles og París koma til með að hýsa Sumarólympíuleikana 2024 og 2028 er að allar aðrar borgir sem sóttu um drógu umsóknirnar til baka vegna mótmæla íbúa.

Verði HM 2026 haldið af Bandaríkjunum, Mexíó og Kanada er þó ljóst að engir leikir verða haldnir í Vancouver, þar sem yfirvöld þar í bæ samþykktu ekki að FIFA væri skattlaust í borginni meðan á mótinu stæði.


Þá hefur verið tilkynnt að ekki sé áhugi hjá heimamönnum í Chicaco, Minneapolis og Glendale í Arizona vegna fjárhagshliðarinnar.

Þrátt fyrir mikil fjárhagsvandræði og fall rúblunnar virðast Rússar óvenju rólegir vegna HM og Vetrarólympíuleikanna í Sochi 2014.


Knattspyrna er næst vinsælasta íþróttin til áhorfs í sjónvarpi í Rússlandi, en listdans á skautum hefur vinninginn. Landsliðið hefur sjaldan verið verra og raunar aldrei neðar á heimslista FIFA. Væntingar til árangurs innan vallar eru því hóflegar en 144 milljónir íbúa landsins búa sig undir skemmtun sem þeir telja að hafi jafnt jákvæð efnahagsleg áhrif og bæti ímynd landsins.



Mynd 12. Niðurstöður viðhorfskönnunar Associated Press í Rússlandi 2014




Mynd 13. Hverjir hýsa stórmót? Human Development Index gestgjafa HM, EM, Sumar- og Vetrarólympíuleika
Samanborið við meðaltal allra þjóða árið sem mótið var haldið



Mynd 14. Hvað gerðist í kjölfarið? Árlegur vöxtur landsframléiðslu á mann hjá gestgjöfum stórmóta

Frá því mótið var haldið til 2016



4 milljarðar fyrir meistarana

Heimsmeistararnir taka heim tæplega 10% verðlaunafjár mótsins


Það borgar sig að vinna HM. Leikmenn eiga von á gífurlega háum kaupaukagreiðslum þó einhverra hluta vegna séu samningar flestra trúnaðarmál. Ef eitthvað er að marka fjölmiðla eiga Spánverjar, Brasilíumenn og Ástralir þó von á um 100 milljónum króna fari þeir alla leið, Belgar 74 milljónum, Frakkar 61, Þjóðverjar 43 og Englendingar 30.

Leikmenn þýska landsliðsins tryggðu sér 37 milljónir hver með sigrinum 2014.

Knattspyrnusamböndin sjálf eiga líka möguleika á að vinna sér inn umtalsverðar fjárhæðir, rétt eins og við sáum samhliða árangri Íslands á EM 2016.

Mynd 15. Árangurstengt verðlaunafé á HM 2018

Í milljónum króna



Aukið framlag FIFA

Félagslið fá auknar bætur fyrir þátttöku og meiðsli leikmanna sinna á HM


Greiðslur til aðildarsambanda vegna þátttöku og árangurs á HM hafa lítið breyst frá 2010, þrátt fyrir umtalsverðar hækkanir mótin á undan.

Hins vegar hafa nýir útgjaldaflokkar bæst við, en það eru greiðslur til félagsliða þeirra leikmanna sem taka þátt á mótinu. Fyrst voru þær greiddar á HM 2010 í Suður-Afríku en í Brasilíu bættust við sérstakar bótageiðslur vegna

meiðsla sem áttu sér stað meðan á landsliðsverkefnum stóð.

Nú er svo komið er gert er ráð fyrir að félagslið fái um 35 milljarða króna greiðslur frá FIFA vegna þátttöku og meiðsla leikmanna sinna, sem er meira en allt verðlaunafé HM í Þýskalandi 2006.

Mynd 16. Greiðslur FIFA til knattspyrnusambanda og félagsliða
Í milljörðum króna – á verðlagi 2018



Þátttökuþjóðir þéna sífellt meira

FIFA greiðir þátttökuþjóðum ríflega þrefalt meira að raunvirði nú en á HM í Suður- Kóreu og Japan

Auknar tekjur FIFA af HM renna að hluta til í vasa þátttökuþjóða. Úrslitaleikurinn vegur talsvert þyngra nú en á HM í Þýskalandi 2006 en eins og sjá má hefur dreifing verðlaunafjár tekið nokkrum breytingum.


Verðlaunaféð rennur þó langt í frá allt til sambandanna og þaðan til aðildarfélaga heima fyrir þar sem kaupaukagreiðslur leikmanna eru árangurstengdar.

Verðlaunafé sem fylgir árangri á HM rennur því að nokkru leiti í vasa leikmanna, en eins og áður hefur komið fram ríkir leynd um flesta slíka samninga.

Verji Þjóðverjar titillinn í ár fá leikmenn þriðjung verðlaunafjár úrslitaleiksins.

Mynd 17. Verðlaunafé miðað við árangur á HM

Í milljörðum króna – á verðlagi 2018



Breyttur rekstur FIFA


Aukin framlög til alþjóðlegrar uppbyggingar knattspyrnu og minna í HM

Rekstur FIFA hefur tekið nokkrum breytingum í kjölfar brotthvarfs Sepp Blatter. Áætlað er að gríðarleg sjóðsöfnun stöðvist því sem næst og að hlutfallslega verði meira lagt í alþjóðlega styrki og önnur mót, svo sem heimsmeistaramót kvenna, en FIFA mun leggja um 60% meira til HM kvenna í Frakklandi 2019 en rann til HM í Kanada 2015.

Gangi fjárhagsáætlun eftir verður hagnaður sambandsins einn milljarður króna vegna árána 2015-2018 og einnig vegna næsta fjögurra ára tímabils, 2019-2022.

Mynd 18. Útgjöld FIFA

Milljarðar króna - hreyfing frá fyrra reikningstímabili



Hægari tekjuvöxtur


Tekjur FIFA af HM hafa margfaldast að raunvirði en þó hefur hægt á vextinum

Reiknað er með að FIFA þéni um 539 milljarða króna vegna HM í Rússlandi. Sala réttar til útsendinga í sjónvarpi vegur þyngst, eða ríflega helming nú í ár.

Þegar tekjurnar hafa verið færðar á verðlag ársins í ár sést að þrátt fyrir að mótið þenjist út ár frá ári hefur talsvert dregið úr vextinum. Nú má gera ráð fyrir 6% hærri tekjum en í Brasilíu fyrir fjórum árum.

Það er þó langt í að endanlegt uppgjör mótsins liggi fyrir og afar illa hefur gengið að ganga frá samningum við styrktaraðila. Óljóst er því hvort fjárhagsáætlun komi til með að standast. Stökkið milli mótanna í Frakklandi 1998 og Suður-Kóreu og Japan 2002 má að miklu leiti rekja til þess að samið var um sjónvarpsútsendingar vegna mótanna 1990, 1994 og 1998 í einum pakka, sem eftir á að hyggja var allt of ódýr.

Mynd 19. Tekjur FIFA vegna heimsmeistaramóta
Milljarðar króna – á verðlagi 2018




Heimsmeistaramót eru helsta tekjulind FIFA og hafa undanfarna áratugi skilað um 90% heildartekna. Því þarf ekki að koma á óvart að sambandið leggi áherslu á að mót séu haldin á markaðssvæðum sem skilað geta umtalsverðum tekjum. Þannig hefur rík áhersla verið lögð á væntanlega tekjumöguleika FIFA í sameiginlegri umsókn Bandaríkjanna, Mexíkó og Kanada um HM 2026.

Aðrar tekjur sambandsins skipta í raun litlu máli. Rekstur FIFA safnsins, sala ímyndarréttar í tölvuleiki og fleira slíkt er vissulega hluti starfseminnar en eins og sjá má er það HM sem öllu máli skipti.

Þetta gæti þó breyst á næstu árum þar sem kynnt hafa verið áform um tvö ný mót landsliða og félagsliða sem skilað gætu þeim um 2.600 milljörðum króna.

Mynd 20. Hlutfall HM af heildartekjum FIFA

Á reikningstímabilum heimsmeistaramótanna 1998-2018



FIFA á allan rétt á markaðssetningu HM


Um þriðjungur tekna FIFA af HM er vegna markaðsmála

Þar sem áætlað er að FIFA þéni um 180 milljarða króna á kostunarsamningum og annarri markaðssetningu vegna HM er eðlilega áhyggjuefni hversu illa gengur að ganga frá samningum við samstarfsaðila í aðdraganda mótsins.

FIFA skiptir slíku samstarfi í þrjá flokka; samstarfsaðila FIFA, styrktaraðila HM og stuðningsaðila á fimm skilgreindum markaðssvæðum.

Í maí vantaði enn einn aðila í dýrasta flokkinn, sem skilar FIFA um það bil 5 milljörðum króna. Gengið hafði verið frá samningum við 5 af 8 mögulegum í tengslum við HM og einungis 2 samstarfsaðilar voru komnir á blað af þeim 20 sem áætlaðir voru viðsvegar um heiminn, báðir rússneskir.

Mynd 21. Helstu kostunar- og samstarfssamningar vegna HM 2018
8. maí 2018



Pegar umræða um umfangsmikla spillingu innan FIFA komst í hárnæli árið 2015 missti sambandið nokkra af sínum helstu samstarfsaðilum. Meðal þeirra sem ákváðu að slíta tengslum voru Sony, Johnson & Johnson, Continental og Castrol. Adidas, McDonalds, Coca Cola og fleiri fordæmdu vinnubrögð FIFA enn fremur en héldu samstarfinu þó áfram.

Áætlaður hagnaður FIFA af rekstri HM er svo hár að nægt svigrúm er fyrir hendi, fari svo að ekki takist að semja við fleiri fyrirtæki. Hins vegar má benda á að fyrirtæki virðast halda sig frá FIFA, þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa á sambandinu eftir brotthvarf Sepp Blatter.

Samstarfsaðilar FIFA



Styrktaraðilar HM 2018



Stuðningsaðilar




Digrir sjóðir FIFA

Sem „non profit“ hefur sambandið safnað merkilega stórum varasjóði

Varasjóðir FIFA eru áætlaðir um 166 milljarðar króna, en það slagar hátt í öll útgjöld íslenska ríkisins til heilbrigðismála árið 2018. Sjóðirnir eru fyrst og fremst ávaxtaðir í ríkisskuldabréfum og innlánnum með ábyrgð svissneska ríkisins og hafa tæplega tvöfaldast síðasta áratuginn.

Það er ekki óeðlilegt að samhliða þessari miklu sjóðsöfnun spyrji knattspyrnuáhugafólk sig hver tilgangurinn sé. Vissulega stendur til að hægja á sjóðsöfnun en sitthvað má nú gera fyrir 166 milljarða.

Mynd 22. Varasjóðir FIFA
í milljörðum króna




Spillingin kostar sitt

Rannsókn á fjármálamisferli FIFA hefur kostað sambandið um 8 milljarða króna í lögfræðikostnað

Bandarísk yfirvöld áætla að umfang mútugreiðslna í tengslum við FIFA nemi að lágmarki 15 milljörðum króna. Dómsmálaráðherra Sviss heldur því þar að auki fram að þáverandi forseti sambandsins, Sepp Blatter, hafi ekki haft heimild til að greiða Michel Platini, fyrrum formanni UEFA, yfir 200 milljónir króna í starfslokagreiðslu og bæta yfir 100 milljónum við lífeyrisréttindi hans.

Kaupaugagreiðslur til Blatter og fleiri starfsmanna FIFA eru til rannsóknar, en auk umtalsverðra launagreiðslna fékk hann milljarða króna bónusa, þar af um 4 milljarða sem nú eru til rannsóknar. Aðrar 4 milljarða króna greiðslur til Jerome Valcke, fyrrum aðalritara FIFA, eru undir smásjónni en hann fékk auk þess tæplega 2 milljarða í starfslokagreiðslu.

Mynd 23. Lögfræðikostnaður vegna rannsókna á fjármálamisferli sem hlutfall af stjórnunar- og skrifstofukostnaði FIFA




Nike og Adidas klæða flesta

Af hverju eru ekki allir í Errea?

Sem fyrr eru það Nike og Adidas sem útvega flestum þátttökupjóðum HM búninga. Sennilega eru það heimsmeistarar Þjóðverja sem hagnast mest á samningi sínum við Adidas, en sportvöruisinn greiðir þýska knattspyrnusambandinu 5,7 milljarða króna á ári næstu fjögur árin. Þjóðverjar eru ekki mikið fyrir að breyta til, en samstarfið hefur nú staðið í 62 ár.

Nike greiðir Frökkum um 4,9 milljarða króna á ári. Samkeppni þessara tveggja aðila er afar hörð, en árið 2014 nam sala þeirra beggja á knattspyrnuvörum yfir 200 milljörðum króna, þar af seldi Adidas um 2 milljónir skópara sem sérstaklega voru hönnuð vegna HM.

Mynd 24. Fjöldi landsliða í knattspyrnubúningum viðkomandi framleiðenda á HM





Veislan endist stutt á hlutabréfamarkaði

Heimsmeistarar og gestgjafar njóta skammvinnns uppgangs á hlutabréfamarkaði í kjölfar mótis


Hafa heimsmeistaramót haft áhrif á hlutabréfamarkaði? Væntanlega afar takmörkuð, en ef við litum á meistarar og gestgjafa síðustu 11 móta (aftur til ársins 1974) má þó sjá áhugaverða þróun samanborið við hreyfingar heimsvísitölu MSCI.

Miðgildi þróunar helstu hlutabréfavísitalna viðkomandi landa sýnir umframávöxtun fyrsta mánuðinn, en

umtalsvert verri árangur sé litið til eins árs eftir útslitaleikinn. Gestgjafarnir gera sem dæmi 1,7% betur fyrsta mánuðinn en eru 11,2% undir heimsvísitölunni ári eftir úrslitaleikinn. Meðaltalið segir svipaða tölu, þar sem sveiflan eru tæp 10%.


Mynd 25. Þróun hlutabréfavísitala viðkomandi lands, að loknum heimsmeistaramótum 1974 – 2014

Í Bandaríkjadólar, samanborið við heimsvísitölu MSCI



Mynd 26. Þróun hlutabréfavisitala gestgjafanna

Í Bandaríkjadólar, samanborið við heimsvisitölu MSCI (ekki liggja fyrir tölur frá Argentínu 1978 og Mexíkó 1986. 2002 er m.v. Japan)



16 milljón króna verðlaunagripur

HM bikarinn er 6,5 kg, þar af 5kg af 18 karata gulli


Árið 1970 unnu Brasilumenn sinn þriðja heimsmeistara titil og eignuðust Jules Rimet bikarinn svokallaða til eignar. Ekki fór betur en svo að þeim bikar var rænt árið 1983 og talið er að hann hafi verið bræddur niður og gullið selt.

Nýr verðlaunagripur var hannaður af Ítalanum Silvio Gazzaniga og fyrst afhentur Franz Beckenbauer, fyrirlíða Vestur-Þjóðverja, á HM 1974 í Mexíkó.

Væri gripurinn bræddur og gullið selt í dag mætti ætla að verðmætið væri ríflega 16 milljónir króna, en sennilega fengist talsvert meira fyrir hann í upprunalegu ástandi.

Gullið væri ekki nema 0,2% aukning við gullforða Íslands. Ef strákarnir okkar eru að velta fyrir sér að bræða gullið og selja væri alþjóðlega skömmin sem óhjákvæmilega fylgdi varla þess virði.

Mynd 27. Verðmæti gullsins í HM bikarum
Milljónir króna á verðlagi 2018



Karla- og kvennamótin eru ansi ólík

Aukið framlag til HM kvenna dugar skammt

Gestgjafar HM kvenna halda stórum hluta tekna vegna markaðssetningar mótsins, ólíkt því sem gildir um karlamótin. Framlag FIFA er hins vegar mun minna, þrátt fyrir breytingar sem áætlaðar eru vegna næstu móta. Fjárfesting sambandsins í HM í Katar verður um fjórðungi minni en í Rússlandi. HM kvenna í Frakklandi 2019 fær hins vegar 60% hærra framlag en í Kanada 2015.

Samt sem áður verða framlög FIFA til kvennamótsins einungis 8% af því sem lagt verður í karlana. Auk þess er reiknað með að HM 2019 kosti Frakka um 7-9 milljarða króna, innan við 1% af kostnaði Rússa við HM 2018. Tekjur FIFA af HM kvenna 2015 voru um 2,5 milljarðar króna en verðlaunafé til þátttökuliða 1,5 milljarðar, samanborið við þá tæpu 36 sem karlarnir fengu.

Mynd 28. Heildarupphæð verðlaunafjár á HM karla 2014 og HM kvenna 2015
milljarðar króna



Misjöfn staða utan vallar

Kaupmáttarleiðrétt landsframleiðsla í Sviss er 26 sinnum hærri á mann en í Senegal


Meðal þátttökuþjóða HM var hagvöxtur 2006-2016 mestur í Panama, eða 117,6%. Minnstur var hann í Portúgal, eða 0,3%.

Við lékum okkur að því að bera saman efnahagslega stöðu og árangur þjóðanna á bak við landsliðin 32. Þær 16 þátttökuþjóðir sem ofar eru á heimslistanum hafa 31% hærri landsframleiðslu en hinar.

Mætti því draga þá ályktun að ríkari þjóðirnar séu betri í fótbolta? Best er að fara sér hægt við slíkt, enda er þýðið tiltölulega lítið. Auk þess hefur hagvöxtur lakari þjóðanna 16 verið 44% undanfarinn áratug en 30% á sterkari endanum. Löndin sem neðar eru á heimslistanum, meðal þátttökuþjóða á HM, eru því í meiri sókn þó þau standi ekki eins vel í dag.

Mynd 29. Landsframleiðsla á mann og hagvöxtur

Meðaltal þátttökuþjóða frá hverju aðildarsambandi




Landsframleiðsla á hvern íbúa

Hagvöxtur 2006-2016


Mynd 30. Landsframleiðsla og staða á heimslistanum (apríl 2018)

Milljónir króna




A Riðill

Mynd 31. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökupjóða 2006-2016




Mynd 32. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016




Criðill

Mynd 33. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016




Mynd 34. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016




D
Riðill

E Ríðill

Mynd 35. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016




Mynd 36. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016




G Ríðill

Mynd 37. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016



Mynd 38. Landsframleiðsla 2016 og hagvöxtur þátttökuþjóða 2006-2016




Hvað næst?

Fjölgun liða og auknar tekjur fyrir FIFA

Heimsmeistaramótið mun taka þó nokkrum breytingum á næstunni. 2022 verða þátttökupjóðirnar mögulega 48 í stað 32 í ár auk þess sem mótið verður haldið að vetri til. 13. júní kjósa fulltrúar knattspyrnusambanda um hvort Marokkó eða Bandaríkin, Kanada og Mexíkó í sameiningu haldi mótið 2026.

Mat á fýsileika mótsins verður byggt á öðrum og skýrari forsendum en áður, en þó er um afar pólitískt mál að ræða þar sem búast má við að lönd hópi sig saman. Þannig er gert ráð fyrir að öll aðildarsamtök knattspyrnusambands Afríku kjósi Marokkó en Ameríkupjóðirnar hafa reynt að höfða til FIFA með hreint ótrúlegum loforðum um hagnað sambandsins á rekstri mótsins, eða um 1.100 milljörðum króna.

Mynd 39. Hagnaður FIFA af HM og áætlaður hagnaður skv. knattspyrnusambandi Bandaríkjanna í milljörðum króna. Fyrri mót á verðlagi 2018




Hluti af endurskipulagningu FIFA í kjölfar spillingarmála er aukin formfesta vegna mats umsókna um að hýsa HM. Áhersla verður lögð á gegnsæi, mannréttindi, sjálfbærni, hlutleysi og að fulltrúar allra aðildarsambandanna 211 velji, í stað valnefndar.

Peningar skipta sem fyrr gríðarlega miklu máli og verður mat á rekstri og aðstöðu væntanlegra gestgjafa byggð á sundurliðuðu mati sem sjá má á meðfylgjandi mynd.

Ekki stendur þó til að gera gestgjöfum auðveldara að hýsa mótin því kröfurnar eru áfram gríðarlega strangar. Lágmarks sætafjöldi leikvanga verður 40.000 og opunar- og úrslitaleikirnir leiknir á velli sem tekur 80.000 áhorfendur í sæti. Einungis 26 slíkir knattspyrnuleikvangar eru til staðar í dag. Einnig lítur allt út fyrir að áfram renni nær allar tekjur til FIFA og gestgjafarnir greiði nær allan kostnað.

Mynd 40. Ný samsetning mats á umsóknum um að hýsa HM
Fjárhagslegir þættir og innviðir



Umsjón

Samskipti og greining
greining@islandsbanki.is

Björn Berg Gunnarsson 8444869

Útgáfudagur: 22. maí 2018